



# Kröfur afnotaleyfa til umsóknaraðila: Aðgengi/umferðarflæði við framkvæmdarsvæði

Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborgar

Skrifstofa Reksturs og Umhirðu  
borgarlandsins (SRU)

Skrifstofustjóri:  
Hjalti Jóhannes Guðmundsson

Útgáfa afnotaleyfa og eftirlit:  
Arnar Þór Hjaltested



# Umfjöllunarefni

- Afnotaleyfi - almennt
- Ferli afnotaleyfa
- Skilmálar afnotaleyfa
- Afnotaleyfi – næstu skref




## Borgarland, Afnotaleyfi – Hvað er?

- Borgarland: Allt land utan skilgreindra lóðarmarka, hafnarmarka eða þjóðvega í þéttbýli.
- Afnotaleyfi: Öll afnota af borgarlandi þarfnast afnotaleyfa (framkvæmdir, viðburðir, önnur afnot).
  - **Ekki lögbundið hlutverk sveitarfélagsins** – Skrifstofa SRU sér um útgáfu afnotaleyfa.
  - **Að tryggja öryggi og aðgengi** – að leið vegfarenda, vegna nýtingar borgarlandsins, sé greið en fyrst og fremst örugg.
  - **Að tryggja verðmæti borgarlandsins** - að lágmarka ótímabær afföll á verðgildi borgarlandsins.
  - **Að stýra notkun**



# Ferli afnotaleyfa



- Undanfarin tvö ár hefur verið unnið markvisst að breyttu verklagi við útgáfu afnotaleyfa og eftirlit.
  - **Innleiðing rafræns umsóknarkerfis, RoSy.is**
    - Hver, hvað, hvenær, hvernig og hvar
    - Kallað eftir mikilvægum gögnum rafrænt
  - **Innleiðing á verkferlum við afgreiðslu**
    - Tryggja sambærilega afgreiðslu
    - Auka samskipti og gæði samskipta
    - Bæta skilvirkni
    - Auka hagræðingu
  - **Endurskoðun á skilmálum afnotaleyfa**  
Tilgangur: Að auka gæði útgefina afnotaleyfa

# Kröfur afnotaleyfa til afnotaleyfishafa þegar kemur að öryggi, aðgengi og umferðarflæði í kringum framkvæmdasvæði

## Aðgengi

- Leyfishafi skal tryggja aðgengi fatlaðra og annarra vegfaranda s.s. gangandi, hjólandi og akandi með því að afmarka gönguleið framhjá framkvæmdastað og skal fyllsta öryggis gætt meðan á framkvæmdum stendur.
- Haga skal framkvæmdum með þeim hætti að aðkomuleiðum að húsum og fyrirtækjum sé haldið opnum.
- Leyfishafi skal sjá til þess að íbúar hafi aðgang að grenndar- og endurvinnslustöðvum í borgarlandinu og aðgengi vegna hirðu gáma á stöðvunum. Ef sýnt þykir að framkvæmdin raski hefðbundinni þjónustu stöðvanna skal upplýsa deild umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar og leita leiða til að viðhalda áframhaldandi þjónustu á framkvæmdatímanum.
- Leyfishafi tryggir aðgengi íbúa að ílátum undir heimilisúrgang og aðgengi starfsfólks og bíla vegna hirðu úrgangs á afnotasvæðinu og nágrenni þess skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík nr. 227/2013. Tryggja þarf bæði greiða leið og öryggi starfsfólks hirðunnar og hirðubíla. Ef sýnt þykir að framkvæmdin raski hirðu á viðkomandi svæði skal upplýsa deild umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar, s.s. ef færa þarf tunnur/ker tímabundið eða flytja ílátin að hirðubíl á losunardegi.



# Kröfur afnotaleyfa til umsóknaraðila er varða öryggi, aðgengi og umferðarflæði í kringum framkvæmdasvæði

## Öryggi og merkingar

- Leyfishafi skal sjá til þess að svæðið og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum sé snyrtilegt og skal hann m.a. tryggja að rusl og annað sem til fellur við framkvæmdina sé hirt og fjarlæggt jafnóðum Verði um vanhöld þar á áskilur leyfisveitandi sér rétt til hreinsunar á kostnað leyfishafa. Einnig ber leyfishafa að annast slátt og hálkuvárnir. Komi til þess að mengun eða mengunarhætta skapist vegna spilliefna skal leyfishafi tilkynna það án tafar til leyfisveitanda og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

**Ef framkvæmd krefst lokunar og/eða umferðatakmarkana eða ef gönguleið sem eftir stendur er minni en 1,5 metri og ef lögmætt öryggissvæði er skert þá gilda eftirfarandi skilmálar:**

- Leyfishafi ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt samþykktri öryggisáætlun er varðar afmörkun á vinnusvæði.
- Telji lögregla eða leyfisveitandi að um frávik frá öryggisáætlun sé að ræða eða að leyfishafi hafi ekki staðið að framkvæmdum skv. skilmálum þessum, skal heimilt að krefjast tafarlausa úrbóta eða stöðvunar framkvæmda. Ef kröfum er ekki sinnt er leyfisveitanda heimilt að láta framkvæma úrbætur á kostnað leyfishafa.
- Leyfishafi skal tilkynna íbúum og rekstraraðilum, með dreifibréfi, í næsta nágrenni við framkvæmdasvæði um framkvæmdina, framkvæmdartíma og til hvaða aðgerða verði gripið til þess að tryggja aðgengi um svæðið áður en framkvæmd hefst.
- Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmd muni trufla umferð lengur en 7 daga skal setja upp ítarlegt skilti þar sem veittar eru upplýsingar um framkvæmdina, framkvæmdaraðila og tímalengd. Leyfishafa ber að fylgja ákvæðum um upplýsingaskilti framkvæmdasvæða og útliti framkvæmdagirðinga.

Við útgáfu leyfis upplýsir leyfisveitandi lögreglu, slökkvilið og strætó um væntanlegar framkvæmdir. Ef upp koma ófyrirsjáanlegar tafir eða breytingar á framkvæmd þá ber leyfishafi fulla ábyrgð á að upplýsa leyfisveitanda, lögreglu, slökkvilið og strætó.

## Afnotaleyfi – Næstu skref!

- Skýra lagaóvissu á bak við málaflokkinn
- Auka úrræði
- Auka gæði verkferla og skilvirkni
- Auka samráð
- Þróa gjaldskrá
- Auka upplýsingamiðlun og sýnileika
  - Bæta heimasíðu og framkvæmdasjá
- Auka vægi rafrænna umsókna
- Auka gæði svörunar á ábendingarvef
- Auka aðkomu RVK í kennslu vinnusvæðamerkinga
  - Auka samráð við Vegagerðina
- Þróa eftirlit og ferlavæða þá starfsemi



# Takk fyrir áheyrnina

- Spurningar, ábendingar?

